

Ar 1973, mánuðaginn 3. desember, var í málínu nr. 31/1973  
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málaventir eru þeir, að i aðalmati fasteigna var skráð fastelgnin  
nr. 27 við Markarflöt í Garðahreppi. Var þar um að raða 168,  
ibúðarhús og bilskúr. Lóðin var metin á kr. 212.000,-, en bygg-  
ingar voru ekki metnar, þar sem þeim var þá ekki svo langt komið,  
að fasteignamat á þeim skyldi fara fram. Upplýst hefur verið, að  
búið hefur verið í ibúðarhúsinu frá því 1. nóvember 1971, en  
frágangi þessa mun þó ekki enn að fullu lokið. Drátt fyrir það voru  
umrédd mannvirkni eigi tekin í fasteignamat.

Sveitarstjórn Garðahrepps lagði fasteignaskatt á ofangreinda  
fasteign árin 1972 og 1973. Með bréfi, dags. 17. október 1973,  
hefur eigandi fasteignarinnar, Sigurður Briem, kært álagningu  
þessa til Yfirlasteignamatsnefndar. Er kæran á því byggð, að lögun  
samkvæmt sé álagning fasteignaskatts því aðeins heimil, að fyrir  
liggi fasteignamat, sem framkvæmt hafi verið á þann hátt, er sagt  
sé fyrir í lögum og reglugerðum, og verið tilkynnt húseiganda.

Samkvæmt upplýsingum sveitarstjórnans í Garðahreppi komu eigi  
fram mótmæli af hálfu kewanda gegn álagningu fasteignaskatts fyrr  
en 24. ágúst 1973. Var kærufrestur út af álagningu fasteignaskatts  
þá liðin samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteigna-  
skatt. Af þeim sökum verður umrédd kewra ekki tekin til greina, enda  
var um fasteign að raða, sem skylt var að meta fasteignamati fyrir  
ársbyrjun 1972, þeði að því er tekur til 168ar og mannvirkja.

Ú R S K U R D A R O R D :

Fremangreind kewra út af álagningu fasteignaskatts 1972 og  
1973 á fasteignina nr. 27 við Markarflöt í Garðahreppi er ekki  
tekin til greina.

Gaukur Jörundason

Torfi Asgeirsson

Pálmi Jónasson